

## Fundargerð 226. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 5. nóvember 2019  
**Fundartími:** 8:30 – 12:30  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Rósa Matthíasdóttir  
Hrafnkell Guðnason varaoddviti  
Margrét Jónsdóttir  
Sigurður Ingi Sigurðsson  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### Skipulagsmál:

##### 1. Fundargerð skipulagnefndar nr. 185, dags. 30.10.2019

###### a) Arnarstaðakot (L166219): umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús – 1909061

Í framhaldi af afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 03. október 2019 er lögð fram umsókn Gunnars Karls Ársælssonar dags. 23. september 2019 móttokin 24. september 2019 um byggingarleyfi til að byggja íbúðarhús 149,9 m<sup>2</sup> á jörðinni Arnarstaðarkot (L166219) í Flóahreppi. Fyrir liggur samþykki Ríkisjóðs Íslands (ríkiseignir). Vísað til skipulagsnefndar þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.

*Skipulagsnefnd UTU telur að forsenda fyrir byggingu íbúðarhúss í Arnarstaðakoti sé að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið.*

Sveitarstjórn Flóahrepps hafnar umsókn um byggingarleyfi fyrir 149,9 m<sup>2</sup> íbúðarhús í Arnarstaðakot þar til fyrir liggur deiliskipulag fyrir svæðið.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

###### b) Birta þjónustumiðstöð, L223928B: Hótelstarfsemi: Aukið byggingarmagn: Aðalskipulagsbreyting – 1811047

Lögð er fram, að lokinni auglýsingu samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingartillagan gerir ráð fyrir að byggingarmagn á lóðinni fyrir verslunar- og þjónustureit Bitru (VÞ8) verði aukið úr 5.000 m<sup>2</sup> í 8.500 m<sup>2</sup> og gististarfsemi verði heimiluð á lóðinni. Tillagan var auglýst 24. júlí 2019 með athugasemdafresti til 4. september 2019. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulagsstofnun gerði í bréfi dags. 12.7.2019 nokkrar athugasemdir við tillöguna og hefur þeim verið svarað í lagfærðri tillögu sem var auglýst 24. júlí 2019 með athugasemdafresti til 4. september 2019.*

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki tillöguna og feli skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem gerir ráð fyrir að byggingarmagn á lóð fyrir verslunar- og þjónustureit Birtu (VÞ8) verði aukið úr 5.000 m<sup>2</sup> í 8.500 m<sup>2</sup> og gististarfsemi verði heimiluð á lóðinni. Skipulagsfulltrúa falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

###### c) Skógsnes L165502: Skógsnes 2, 3 og 5 Stofnun lóða – 1909010

Lögð fram umsókn Tómasar Þóroddssonar, dags. 29. ágúst 2019, ásamt lóðablöðum sem sýna afmörkun og skiptingu jarðarinnar Skógsness, L165502, sem er 297,2 ha skv. uppmælingu. Gert er ráð fyrir þremur nýjum landeignum út úr jörðinni; Skógsnes 2 (60 ha), Skógsnes 3 (39,5 ha) og Skógsnes 5 (18 ha). Skógsnes verður 179.7 ha eftir skiptin. Aðkoma að nýju landeignunum er um Hamarsveg nr. 308.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar né skiptingu hennar skv. fyrirbyggjandi gögnum með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna á landamerkjum jarðarinnar þar sem ekki liggja fyrir þegar samþykktar afmarkanir. Einnig er gerður fyrirvari um umsögn Vegagerðarinnar fyrir vegtengingum að nýjum landeignum. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki fyrirbyggjandi umsókn.*

Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á að leiðrétt þarf texta Eflu þar sem fram kemur að fyrir neðan Skógsnes sé jörðin Galtastaðir. Hið rétta er að Miklavatnsmýri liggur að Skógsnesi og er hún í óskiptri sameign. Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir skiptingu jarðarinnar Skógsnes, skv. 13. grein jarðalaga, liggja fyrir yfirlýsing aðliggjandi landeigenda á réttum landamerkjum og samþykki Vegagerðarinnar fyrir nýjum vegtengingum að landinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**d) Ölvisholt 207869: Kúlutjöld og þjónustusvæði: Ný þjónustuhúsalóð: Deiliskipulagsbreyting – 1810036**

Í framhaldi af frestun máls umsækjanda á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 1. október 2019 er nú lögð fram að nýju umsókn Höllu Kjartansdóttur, dags. 16. október 2019, um breytingu á gildandi deiliskipulagi spildu úr landi Ölvisholts, L207869, fyrir kúlutjöld og þjónustubyggingar. Umsækjandi hefur framsent leiðréttan uppdrátt. Óskað er eftir að fjölga kúlutjöldum úr 6 í 15, fjölgun byggingarreita fyrir þjónustuhús úr 2 í 5 og stofnun tveggja nýrra lóða innan spildunnar fyrir stærri þjónustubyggingar og bílastæði.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki tillöguna og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir umsókn Höllu Kjartansdóttur, dags. 16. október 2019 sem innifelur breytingu á gildandi deiliskipulagi á spildu úr landi Ölvisholts L207869, fyrir kúlutjöld og þjónustubyggingar. Gert er ráð fyrir að kúlutjöldum fjölgi úr 6 í 15 og fjölgun byggingarreita fyrir þjónustuhús úr tveimur í fimm og stofnun nýrra lóða innan spildunnar fyrir stærri þjónustubyggingar og bílastæði. Skipulagsfulltrúa falið að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**e) Kelduland (L228225): umsókn umbyggingarleyfi: tvö aðstöðuhús – 1909056**

Í framhaldi af afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 03. október 2019 er lögð fram umsókn Sigríðar Jónsdóttur dags. 19. september 2019 móttækin sama dag um byggingarleyfi til að byggja tvö aðstöðuhús, 11,3 m<sup>2</sup> og 13,9 m<sup>2</sup> á lóðinni Kelduland (L228225) í Flóahreppi. Vísað til skipulagsnefndar þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir tveimur aðstöðuhúsum með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr.*

*skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða. Forsenda frekari uppbyggingar á svæðinu er að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið.*

Þar sem gögn vegna grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 liggja fyrir þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps að byggingarleyfi verði gefið út fyrir tveimur aðstöðuhúsum á Keldulandi L228225 skv. umsókn Sigríðar Jónsdóttur, dags. 19.09.2019. Skipulagsfulltrúa falið að yfirfara fyrirbyggjandi gögn vegna grenndarkynningar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**f) Miklholtshelli 2 L223302, Stækkun alifuglabús: Endurskoðað deiliskipulag – 1901042**

Stefán Már Símonarson f.h. Nesbúegg ehf. leggur fram tillögu að deiliskipulagi, uppdrátt og greinargerð Eflu dags. 24. apríl 2019 vegna stækkunar á alifuglabúi að Miklholtshelli 2, L223302. Með fyrirhuguðu deiliskipulagi er áætlað að heimiluð verði bygging tveggja 1.500 m<sup>2</sup> húsa sem gætu hýst allt að 18.000 fugla. Heildarfjöldi alifugla á svæðinu yrði þá samtals 49.000 fuglar. Með stækkuninni er verið að efla og styðja við núverandi framleiðslu á lífrænum eggjum að Miklholtshelli 2 á vegum Nesbúeggja ehf. Lýsing tillögunnar hefur verið kynnt og liggja fyrir umsagnir frá Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Umhverfisstofnun. Tillagan var kynnt með auglýsingu 11. september skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki tillöguna og mælist til að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óska skal efir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun og Minjastofnun Íslands.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Miklholtshelli 2 L223302, stækkun alifuglabús, uppdrátt og greinargerð dags. 24. apríl þar sem áætlað er að byggja tvö 1500 m<sup>2</sup> hús sem geta hýst allt að 18.000 fugla. Með stækkuninni er því heimilaður heildarfjöldi samtals 49.000 fuglar. Skipulagsfulltrúa falið að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt því að leita eftir umsögnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Vegagerðarinnar, Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar Íslands.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**g) Ölvisholt 4 L207867: Ölvisholt 4A; Stofnun lóðar – 1909053**

Lögð fram að nýju umsókn, Jóns E. Gunnlaugssonar dags. 4. september 2019, ásamt uppfærðu lóðablaði um stofnun 2.850 fm lóðar utan um núverandi brugghús úr landi Ölvisholts 4 L207867. Óskað er eftir að lóðin fái heitið Ölvisholt 4A. Aðkoma að lóðinni er um núverandi veg um Ölvisholt 4.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar né heitið skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki fyrirbyggjandi umsókn.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir skv. 13. gr jarðalaga, með 5 atkvæðum stofnun lóðar um núverandi brugghús í Ölvisholti 4. Lóðin er 22.850 m<sup>2</sup> og er úr landi Ölvisholts 4 L207867. Ekki er gerð athugasemd við nafn lóðarinnar Ölvisholt 4A

**h) Hrafnaklettur: L166387: Súluholt: Breyting landnotkunar úr frístundabyggð í íbúðarlóð: Aðalskipulagsbreyting – 1903053**

Lögð er fram tillaga dags. 22. ágúst 2019, að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 til samþykktar og auglýsingar. Breyting á gildandi

aðalskipulagi felur í sér að landspildan Hrafnaklettur, L166387, 2 ha að stærð, verður breytt úr frístundasvæði (F44) í landbúnaðarland. Fyrir eru 2 sumarhús á spildunni. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni verður unnið deiliskipulag, þar sem gert verður ráð fyrir að núverandi hús verði annars vegar gestahús og hins vegar íbúðarhús. Möguleiki er á stækkun beggja húsa. Einnig verður gert ráð fyrir byggingu íbúðarhúss og skemmu norðar á lóðinni, í heildina allt að 500m<sup>2</sup>. Alls á spildunni verður því gert ráð fyrir heildar byggingarmagni allt að 700 m<sup>2</sup>. Aðkoma að spildunni er um Önundarholtsveg (nr.311) nokkru austan við Súluholt. Lýsing vegna breytingar á gildandi aðalskipulagi var kynnt með auglýsingu 26. júní 2019. Þá var breytingartillagan kynnt almenningi með auglýsingu 11. september 2019. Samhliða ofangreindri breytingu er unnin samsvarandi deiliskipulag fyrir svæðið.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki tillöguna greinargerð og uppdrátt dags. 22. ágúst 2019, að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010 og 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga og mælist til að hún verði auglýst skv. 31. gr. sömu laga. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun skipulagstillöguna til yfirferðar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga, áður en tillagan verður auglýst.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu, greinargerð og uppdrátt dags. 22. ágúst 2019 að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029, í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 3 mgr. 30. gr. skipulagslaga og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa hana skv. 31. gr. sömu laga. Skipulagsfulltrúa falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna til yfirferðar fyrir auglýsingu í samræmi fyrir 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Breytingin felur í sér að landnotkun spildunnar Hrafnaklettur L 166387 sem er 2 ha að stærð er breytt úr frístundasvæði í landbúnaðarland. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**i) Laugardælur, L166253: Stækkun íbúðasvæðis ÍB1: Aðalskipulagsbreyting – 1910078**

Oddur Hermannsson f.h. Haralds Þórarinssonar og Ólafs Þórarinssonar í Laugardælum, Flóahreppi leggur fram umsókn um óverulega breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, ásamt uppdrætti og greinargerð. Breytingin felst í að stækka reit ÍB1 um 0,5 ha sem verður eftir breytingu 8,5 ha að stærð, og að heimilt verði að byggja tvö íbúðarhús til viðbótar við þau 8 sem eru tilgreind í gildandi aðalskipulagi.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki framlagða tillögu dags. 18. október 2019, að breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, sem óverulega breytingu skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan er talin hafa lítil sem engin áhrif vegna landnotkunar og hefur ekki áhrif á einstaka aðila eða aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Skipulagsfulltrúa er falið senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar skv. sömu grein laga.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir óverulega breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029 sem felst í því að reitur ÍB1 í landi Laugardæla L166253 er stækkaður um 0,5 ha og verður eftir breytingu 8,5 ha að stærð. Jafnframt verði samhliða þessari breytingu heimiluð bygging tveggja íbúðarhúsa til viðbótar við þau átta sem eru tilgreind í gildandi aðalskipulagi. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar skv. sömu grein laganna. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**j) Laugardælur L166253: Laugardælur 4 og 5: Tvær íbúðarlóðir:**

## **Deiliskipulagsbreyting 1910081**

Oddur Hermannsson f.h. Haralds Þórarinssonar og Ólafs Þórarinssonar í Laugardælum, Flóahreppi leggur fram umsókn um skipulagsmál, og leggur einnig fram tillögu að deiliskipulagi greinargerð og uppdrátt dags. 18. október 2019, sem tekur til tveggja lóða fyrir íbúðarhús í landi Laugardæla í Flóahreppi. Þær munu fá heitið Laugardælur 4. stærð 1345m<sup>2</sup>, og Laugardælur 5. stærð 1997m<sup>2</sup>. Heimilt verður að byggja allt að 300m<sup>2</sup> á hvorri lóð og á lóð 5 heimild til að byggja auk íbúðarhúss, véla- og útihús. Aðkoma að lóðunum er um Laugardælaveg nr. 3020.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki tillöguna og mælist til að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óska skal efir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni, og Minjastofnun Íslands.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu að deiliskipulagi tveggja lóða fyrir íbúðarhús í landi Laugardæla. Lóðirnar munu fá heitin Laugardælur 4, stærð 1345 m<sup>2</sup> og Laugardælur 5, stærð 1997 m<sup>2</sup>. Heimild er gefin fyrir allt að 300 m<sup>2</sup> byggingu á hvorri lóð og á lóð 5 auk þess gefin heimild fyrir véla- og útihúsi. Skipulagsfulltrúa falið að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leita umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Vegagerðarinnar, og Minjastofnunar Íslands. Samþykkt með 5 atkvæðum.

### **k) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 -107**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. október 2019.

### **l) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 -108**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. október 2019.

## **2. Frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita:**

### **a) Endurskoðun samþykta**

Lagðar fram endurskoðaðar samþykktir fyrir UTU byggðasamlag um sameiginlegt embætti Skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir Uppsveitir Árnassýslu, Flóahrepp og Ásahrepp.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum samþykktirnar með áorðnum breytingum sem fela í sér að umhverfis- og tæknisvið embættisins er lagt niður.

### **b) Fjárhagsáætlun ársins 2020**

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun fyrir verkefni byggðasamlagsins UTU fyrir árið 2020. Áætlunin gerir ráð fyrir um 16,1 milljón króna framlagi frá Flóahreppi. Áætlaðar tekjur vegna byggingarleyfa eru 2,6 millj.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrir sitt leyti framlögð drög með 5 atkvæðum.

## **3. Erindi frá Magnúsi Ingiberg Jónssyni Hróarsholt spilda: Malarnáma**

Lögð fram að nýju umsókn um opnun nýrrar 49.000 m<sup>3</sup> og 2,4 ha malarnámu í landi Hróarsholts spildu F1, L197221.

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar til fyrri bókunar um skil á gögnum varðandi umsóknina.

Varðandi innihald þeirra gagna sem eru forsenda fyrir veitingu leyfis til efnistöku er vísað í gildandi reglur þar um.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## **4. Erindi frá Umf. Þjótanda – styrkbeiðni vegna aksturs yngri barna**

Lagt fram erindi frá Ungmennafélaginu Þjótanda þar sem óskað er eftir áframhaldandi styrk vegna aksturs yngri barna frá Flóaskóla í Þingborg vegna íþróttæfinga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## **5. Erindi frá Markaðsstofu Suðurlands – endurnýjun samnings**

Lagt fram erindi frá Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir framlengingu á samstarfssamningi milli Markaðsstofu Suðurlands og Flóahrepps. Gert er ráð fyrir óbreyttum skilmálum og framlagi sem nemur kr. 430 pr. íbúa.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

## **6. Erindi frá Árborg – sameiningarviðræður sveitarfélaga í Árnassýslu**

Þar sem vinna varðandi þróun sveitarstjórnarstigsins er í farvegi hjá Alþingi og samhliða verði að skoða mögulegar breytingar á jöfnunarsjóði, komi til sameininga, telur sveitarstjórn Flóahrepps rétt að fara sér hægt í þessari umræðu að sinni. Á síðasta kjörtímabili var lögð talsverð vinna í sviðsmyndagreiningu og skoðun þessara mála svo ýmis gögn eru til en nái þær hugmyndir stjórnvalda fram að ganga sem í farvatninu eru varðandi sameiningar er ljóst að sveitarfélögin þurfa að taka stöðumat og fara í valkostagreiningu sem nýtist svo í samtali við íbúa og önnur sveitarfélög.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi og áhuga bæjarstjórnar Árborgar á samtalinu sem Flóahreppur mun örugglega koma til með að taka síðar ekki síst í ljósi mikillar nálægðar og góðrar samvinnu um mörg mál um langt árabíl.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Erindi frá Capacent – sameiningar sveitarfélaga**

Lagt fram erindi frá Capacent þar sem óskað er eftir fundi með sveitarstjórn þar sem kynnt verði sú þjónusta sem fyrirtækið býður varðandi undirbúning að sameiningu sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

**8. Erindi frá Stígamótum – styrkbeiðni**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum styrk kr. 50.000 fyrir árið 2020.

**9. Erindi frá Sjóðnum góða – styrkbeiðni**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita kr. 50.000 til verkefnisins fyrir árið 2019.

**10. Erindi frá Einari Hermundssyni f.h. Hestamannafélagsins Sleipnis – reiðvegir**

Lagt fram erindi frá Einari Hermundssyni f.h. Hestamannafélagsins Sleipnis þar sem óskað er eftir framlagi til reiðvegagerðar á árinu 2020 kr. 1 millj.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

**11. Forsendur fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2020 – 2024**

**a) Álagningarforsendur**

**Útsvar:**

Lögð fram tillaga um að álagningarprósenta útsvars fyrir árið 2020 verði **14,52 %**.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Fasteignagjöld:**

Lögð fram tillaga um álagningarprósentu fasteignagjalda fyrir árið 2020:

**a-flokkur 0,50% af fasteignamati:**

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

**b-flokkur 1,32% af fasteignamati:**

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

**c-flokkur 1,65% af fasteignamati:**

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Lóðarleiga er 1 % af fasteignamati**

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**b) Gjaldskrá sorphirðu:**

Lögð fram eftirfarandi tillaga að gjaldskrá sorphirðu fyrir árið 2020 sem miðar við 2,5 % hækkun frá fyrra ári á gjaldi fyrir 240 lítra tunnu fyrir heimilisúrgang en 10 % fyrir aðra liði gjaldskrárinnar: Seyrulosunargjald hækkar um 2,5 %

**Sorphirða**

240 l tunna	16.801 kr
660 l kar	49.526 kr
1100 l kar	82.431 kr

**Sorpeyðing**

Íbúðir	17.157 kr
Sumarhús	17.157 kr

Atvinnur. Iðnaðarhverfi	37.435 kr
Atvinnur. Lögbýli	20.277 kr
Seyrulosun pr. ár.	9.951

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Gjaldskrá Vatnsveitu Flóahrepps:**

Lögð fram tillaga að eftirfarandi varðandi gjaldskrá Vatnsveitu fyrir árið 2020:

Að álagningarprósenta vatnsgjalds verði 0,2 % af fasteignamati og að lágmarksálagning á íbúðarhús verði 20.843 kr og hámarksálagning 41.054 kr.

Eitt gjald verði innheimt af sumarhúsum 34.738 kr.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Gjaldskrá félagsheimila lögð fram**

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Aðrar Gjaldskrár hækki samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins þar um og taka þær tillit til vísitölubreytinga.**

**12. Fjárhagsáætlun Flóahrepps – fyrri umræða**

Lögð fram til fyrri umræðu fjárhagsáætlun Flóahrepps 2020 – 2024 og henni vísað til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**13. Umhverfis og auðlindaráðuneyti kynnir til samráðs mál nr. 253/2019 – Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.**

Lagt fram til kynningar.

**14. Til umsagnar frá Alþingi:**

- Frumvarp til laga um barnaverndarlög (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), 123. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011 (staðsetning áfengisverslunar) 53. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega, 35. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum, 41. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál 116. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (íbúakosningar um einstök mál), 49. mál.
- Frumvarp til laga um jarðalög (forkaupsréttur sveitarfélaga), 29. mál.
- Frumvarp til laga um grunnskóla (ritfangakostnaður), 230. mál.

**15. Trúnaðarmál:**

Fært í trúnaðarmálabók

**16. Fundargerðir:**

- Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 225, dags. 1.10.2019  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 119, dags. 22.10.2019  
6. liður þarfnast umfjöllunar sveitarstjórnar: „Í fjárhagsáætlun ársins 2020 verði gert ráð fyrir framlagi til þess að fara í endurskoðun á Skólafélagi Flóahrepps.“ Í endurskoðun stefnunnar verði einnig fjallað um hvort sveitarfélagið gerist „Heilsueflandi samfélag.“  
Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að gera ráð fyrir framlaginu í áætlun ársins 2020. Vísað til síðari umræðu sveitarstjórnar um fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.
- Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps, dags. 29.10.2019.  
Í bókun nefndarinnar kemur fram að „nefndin hefur ekki ennþá fengið lista yfir starfandi lögaðila í Flóahreppi“ sem óskað var eftir í síðustu fundargerð. Sveitarstjóri hefur óskað eftir því við atvinnuráðgjafa SASS að þessi listi verði afhentur án allra tölulegra upplýsinga og enn er beðið eftir heimild fyrir því.
- Æskulýðs- og tómstundanevndar Flóahrepps nr. 42, dags. 02.9.2019  
„Æskulýðs- og tómstundanevnd óskar eftir nánari kynningu á stefnu sveitarstjórnar um innleiðingu á heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna og víðtækara og markvissara samráði allra nefnda sveitarfélagsins varðandi verkefni tengd málinu.“

Sveitarstjórn Flóahrepps áformar að halda kynningarfund með nefndarmönnum sveitarfélagsins um áherslur heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna á fyrri hluta ársins 2020.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) Oddvitanefndar UTU dags. 30.10.2019  
Í fundargerð nefndarinnar er óskað eftir umfjöllun um gjaldskrá embættisins og kostnaðarskiptingu vegna seyrustaða, hreinsibifreiðar og þjónustufulltrúa. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar tillögur að gjaldskrá, fjárhagsáætlun ársins 2020 ásamt tillögu að kostnaðarskiptingu sem felur í sér jafna skiptingu milli aðildarsveitarfélaganna á 5 % af árlegum rekstrarkostnaði, en síðan skiptist rekstrarkostnaður vegna reksturs á hreinsibifreið annars vegar með fjölda og stærð rotþróa og hins vegar samkvæmt akstri.  
Sveitarstjórn Flóahrepps beinir þeim tilmælum til oddvitanefndar UTU að eðlilegast sé að um verkefnið verði stofnað sérstakt byggðasamlag.  
Samþykkt með 5 atkvæðum
- f) Stjórnar UTU nr. 68, dags. 14.10.2019.  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) NOS dags. 08.10.2019  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) Aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. dags. 23.10.2019  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings nr. 34, dags. 09.10.2019  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 12, dags. 29.10.2019  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) Byggingarnefndar Búðarstígs 22, dags. 29.10.2019  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) Stjórnar Bergrisans dags. 07.10.2019  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- m) Stjórnar SASS nr. 549, dags. 24.09.2019  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- n) Stjórnar Sambands sveitarfélaga, nr. 874, dags. 27.09.2019  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- o) Stjórnar Sambands sveitarfélaga, nr. 875, dags. 25.10.2019  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### 17. Efni til kynningar:

- a) Frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands – Þjósárver reglubundið eftirlit
- b) Frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands – Krakkaborg reglubundið eftirlit
- c) Gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands
- d) Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands
- e) Frá Mennta- og menningarmálaráðherra – Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember
- f) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna jafnréttisáætlana
- g) Frá Krabbameinsfélagi Íslands – Saman náum við árangri
- h) Frá Þjóðskrá Íslands – leiðrétt fasteignamat 2020 fyrir fjölbýli
- i) Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings
- j) Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands
- k) Lokaúttektargerð á verkefninu Flóaljós nýlögn ljósleiðara 2018 – 2019
- l) Frá Stjórnnum og trúnaðarmönnum stéttarfélaga á Suðurlandi – Skammist ykkar
- m) Næsti sveitarstjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 3. desember 2019 klukkan 8:30

#### 18. Önnur mál

Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir í lok fundarins móttöku á málverki eftir Eyjólf Eyfells. Myndin sem er af Gaulverjabæ og Gaulverjabæjarkirkju, kemur úr safni afkomenda Huldu Brynjúlfsdóttur, sem færðu það eigendum Lambastaða. Svanhvít Hermannsdóttir og Almar Sigurðsson færa Flóahreppi málverkið til varðveislu og eignar og óska eftir því að málverkinu verði fundinn staður í félagsheimilinu Félagslundu.

*Árni Eiríksson (sign)*  
*Rósa Matthíasdóttir (sign)*  
*Hrafnkell Guðnason (sign)*

*Margrét Jónsdóttir (sign)*  
*Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)*  
*Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)*